

Konan K hefur ekki krafizt skaðabóta úr hendi ákærða.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, þeirra Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, þeirra Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1956.

Nr. 142/1956. Ákærvaldið

gegn

Einari Egilssyni

og

Jónasi Thoroddsen.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Aðiljasamlag í sakamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu, Einar Egilsson og Jónas Thoroddsen, hafa hinn 17. október 1956 kært til Hæstaréttar samkvæmt 3. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951 úrskurð sakadóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. sama mánaðar, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar.

Af hálfu hinna ákærðu er þess krafizt, að hinum kærða

úrskurði verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi, að því er þá varðar, og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði eftir mati dómsins.

Í kærumáli þessu hefur farið fram munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti um kæru Jónasar Thoroddsens. Var skipaður sækjandi í þeim þætti málsins, en ákærði Jónas flutti málið sjálfur af sinni hendi.

Í hinum kærða úrskurði greinir, hvernig sambandi milli hinna ákærðu Einars og Jónasar og annarra sakborninga aðalmálsins er háttað. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 27/1951 ber undir handhafa ákæruvalds að kveða á um aðiljasamlag í sakamálum. Þykir hann með ákæru í aðalmálinu ekki hafa farið út fyrir takmörk nefnds lagaákvæðis. Á hinn kærði úrskurður því að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, ber að greiða úr ríkissjóði.

Ákærði Jónas Thoroddsen viðhafði í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti óhæfileg ummæli um handhafa ákæruvalds. Ber að víta þau harðlega.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. október 1956.

Ár 1956, mánudaginn 15. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ákæruvaldið gegn Stefáni Andreasi Pálssyni og fleirum, sem tekið var til úrskurðar eða dóms nú samdægurs.

Málið er þannig til komið, að með bréfi, dags. 27. september 1955, kærði Landsbanki Íslands til sakadómarara yfir því, að Stefán Andreas Pálsson kaupmaður, Flókagötu 45, hér í bæ, hefði ekki gert reikningsskil vegna yfirfærðs gjaldeyris (bandarískra dollara) tímabilið 27. nóvember 1953 til 12. júlí 1955. Var hér um að ræða 228.031.50 dollara, er Stefán Andreas hafði fengið yfir-

færða og haft að yfirvarpi, að hann ætlaði að kaupa útgerðarvörur fyrir þá. Við rannsókn málsins upplýstist, að Stefán Andreas hafði selt alla þessa dollara og, að því er hann hermir, nær einvörðungu Grétari Emil Ingvasyni bókara, Hlíðargerði 13, hér í bæ. Grétar Emil kannaðist við að hafa keypt nokkuð af dollurum eða fengið þá til sölu fyrir Stefán Andreas. Leiddu þessar upplýsingar til þess, að nokkrir menn voru dregnir inn í mál þetta vegna kaupa á dollurum, þar á meðal Kristján heildsali Ágústsson, til heimilis á Lynghaga 21, hér í bæ, en hann hafði keypt dollaraávísanir af Grétari Emil, sem Grétar Emil hafði fengið hjá Stefáni Andreasi. Kristján seldi ýmsum mönnum dollara, þar á meðal Einari Egilssyni verzlunarmanni, Hringbraut 43, hér í bæ, en mágur hans, Jónas Thoroddsen borgarfégetafultrúi, Drápuhlíð 11, hér í bæ, hafði haft milligöngu um útvegum dollara þessara. Var hér um að ræða 2000 dollara í ávísunarformi.

Þann 4. júlí s.l. gaf dómsmálaráðherra út ákæru í máli þessu. Voru þá ákærðir í einu og sama máli auk þeirra Stefáns Andreasar, Grétars Emils og Kristjáns Ágústssonar allir þeir, er sannanlega voru taldir hafa átt dollaraviðskipti við menn þessa, þar á meðal fyrrnefndir Einar Egilsson og Jónas Thoroddsen. Ákæran náði til alls 13 manna.

Í skriflegum vörnum, dags. 26. september s.l. og lögðum fram í máli þessu þann dag, var þess krafizt af hálfu þeirra ákærðu Einars Egilssonar og Jónasar Thoroddsens, að málinu yrði vísað frá dómi, að því er þá varðaði, þar eð í ákæru væri um óheimilt aðiljasamlag að ræða. Er því haldið fram með skírskotun til 28. gr. laga nr. 27/1951, að ekkert samband sé á milli ætlaðs gjaldeyrisbrots ákærða Stefáns Andreasar og gjaldeyriskaupa þeirra, er ákærðu Einar og Jónas áttu við ákærða Kristján og þeim eru gefin að sök. Þá var því haldið fram, að það sé algerlega ósannað mál, að dollarar þeir, sem ákærðu Einar og Jónas fengu hjá ákærða Kristjáni, séu hluti af þeim dollurum, er komnir voru frá ákærða Stefáni Andreasi um hendur ákærða Grétars Emils til ákærða Kristjáns. Loks var því hreyft, að málasmasteypa þessi væri ólögleg, vegna þess að kæran feli í sér ærumeiðandi aðdróttanir í garð ákærðu Einars og Jónasar um, að þeir væru samsekir ákærða Stefáni Andreasi um gjaldeyrisvik og skýrslufalsanir.

Auk frávísunarkröfunnar, er nú hefur verið gerð grein fyrir, var krafizt málskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27 frá 1951 var frávísunarkröfunni skotið til Dómsmálaráðuneytisins til umsagnar. Með bréfi, dags. 10. október, tók Dómsmálaráðuneytið það fram, að

það teldi ekki frávisunarkröfu á rökum reista og að aðiljasamlag væri heimilt samkvæmt 28. gr. laga nr. 27/1951. Vísaði ráðuneytið sérstaklega í skýringar við þá grein í sérprentun af lögnum.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 27/1951 skal það vera aðalregla, að ef fleiri menn en einn eru á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, skuli þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum. Enn fremur segir í 2. mgr. 28. gr. sömu laga, að „nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi.“

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er um það að ræða, að ákærði Stefán Andreas og ákærði Grétar Emil hafa átt dollaraviðskipti saman, sem talin eru varða við lög, að ákærði Grétar Emil hefur átt sams konar dollaraviðskipti við ákærða Kristján og að ákærði Kristján hefur átt slík viðskipti við ákærðu Einar og Jónas. Vegna þessa sambands hinna ákærðu hver við annan í máli þessu er það álit dómsins, að lögheimilt sé, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 27/1951, að ákæra þá alla í einu lagi, svo sem gert hefur verið. Auk þessa mætti hreyfa því, að samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að dæma um öll ætluð brot ákærða Kristjáns í sama máli, þ. e. bæði vegna dollaraviðskipta hans við Grétar Emil og við ákærðu Einar og Jónas, en ákærði Kristján er ákærður til refsingar fyrir hvort tveggja. Ber þetta því einnig að sama brunni með ákæruna í máli þessu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður fram komin frávisunarkrafa eigi tekin til greina.

Um málskostnaðarkröfuna verður fjallað í væntanlegum efnisdómi í máli þessu.

Ályktarorð:

Framkomin frávisunarkrafa verður eigi tekin til greina.